

Íslandsmót í frisbígolfi 2015

4-6. september 2015

Föstudagur 4. september

- Kl. 17.30 Mæting í Texas – Keppt í tveggja manna liðum
- Kl. 18.00 Íslandsmeistaramótið í Texas scramble – Klambratúnsvöllur

Laugardagur 5. september

A- og B- flokkar:

- Kl. 09.00 Mæting A- og B-flokka í Gufunes
- Kl. 09.30 A- og B-flokkar. 18 holu hringur – Gufunesvöllur
- Kl. 09.30 Mæting í C-flokki í Fossvog
- Kl. 10.00 C-flokkur – Fossvogur (tveir hringir, 50% niðurskurður eftir fyrri hring)
- Kl. 10.00 Barnaflokkur – 18 holur. – Fossvogur
- Kl. 12.00 Hádegishlé Gufunesi (matur fyrir A- og B-flokk)
- Kl. 14.00 A- og B-flokkar. 18 holu hringur – Gufunesvöllur
- Kl. 17.00 Leik lokið.

Sunnudagur 6. september

- Kl. 09.00 A-, B- og kvennaflokkar.
18 holur – Fossvogsvöllur. Niðurskurður eftir þennan hring.
Efstu 50% í A-flokki fara áfram í úrslit. (lágmark 8 manns).
Leik lokið í B-flokki.
- Kl. 12.00 Hádegishlé Fossvogur (matur fyrir A- B- og kvennaflokk)
- Kl. 14.00 A-flokkur. Undanúrslit. 9 holur – Laugardalur
- Kl. 14.00 Kvennaflokkur. Úrslit. 9 holur – Laugardalur
- Kl. 15.30 Úrslit í A-flokki. Efstu fimm spila 9 holur – sérvaldir teigar
Laugardalur. Sjötti maður kemur inn ef munar þremur eða minna frá
þriðja sæti (endanleg ákvörðun mótsstjóra)
- Kl. 17.00 Verðlaunaafhending – móti lokið

Skipulag brauta á Íslandsmóttinu 2015

Fossvogur

Spilað verður eftir þriðjudagslayoutið en þó með tveimur breytingum. Brautir 3 og 12 verða spilaðar af hvítum teigum. Það er gert til þess að koma í veg fyrir tappa sem hefur oft myndast.

Gufunes

Tveir hringir verða spilaðir á Gufunesvelli og verða báðir hringirnir spilaðir eins.

- 1 Spiluð af bláum teig - hægra megin við veg er ÓB sem afmarkast af öspum
- 2 Spiluð af bláum teig - ekkert ÓB
- 3 Spiluð af bláum teig - þ.e. gerfigrasi en ekki stétt.
- 4 Spiluð af bláum teig - hefðbundið
- 5 Spiluð af bláum teig - hefðbundið
- 6 Spiluð af bláum teig - ekkert mandatory
- 7 Spiluð eins og gert hefur verið í sumar þ.e. frá merkistaur og inn á eyju
- 8 Spiluð af bláum - ÓB utan slegna svæðis
- 9 Spiluð af bláum - mandatory við tré
- 10 Spiluð af bláum - hefðbundið
- 11 Spiluð af bláum - ekkert ÓB
- 12 Spiluð af bláum teigum
- 13 Spilað af hvítum teigum
- 14 Nýjir teigar á nýja körfu
- 15 Spiluð af bláum - hefðbundið - ekki mandó
- 16 Spilað af nýjum teig í gegnum mandóhliðið. Sama og gert hefur verið.
- 17 Spiluð af bláum teig - búið að slá í kringum hann
- 18 Spiluð af bláum nýjum teig á hefðbundna körfu.

Laugardalur - úrslit

Laugardalur verður spilaður fyrir undanúrslit og úrslit. Nokkrir teigar verða breyttir.

- 1 lengd - færð aftar á göngustígnum
- 2 úr garði - færð aftar og til vinstri
- 3 lengd - aftur fyrir girðingu
- 4 breytt - nýr teigur
- 5 lengd - að niðurfalli, af göngustíg
- 6 óbreytt
- 7 trjágöng - lengd
- 8 óbreytt
- 9 breytt - færð inn í matjurtargarð

Mótshaldari er ÍFS

Mótsstjóri er Bjarni Baldvinsson

Framkvæmdaraðilar eru Kristinn Arnar Svavarsson og Birgir Ómarsson

Formaður dómnefndar er Haukur Árnason (skipuð verður 3 manna dómnefnd)

Hverjir geta tekið þátt?

Allir geta tekið þátt óháð kyni og aldri. Nafnbótin "Íslandsmeistari" fær eingöngu sá sem hefur íslenskan ríkisborgararétt. Öllum er heimilt að keppa í A- og B- flokki, óháð kyni og aldri.

Skilgreining á flokkum:

A- og B- flokkur

Báðir flokkar spila af sömu teigum og ákveða keppendur sjálfir í hvorn flokkinn þeir skrá sig. Eingöngu A flokkur spilar undanúrslit/úrslit á sunnudag. Sigurvegari A- flokks fær nafnbótina Íslandsmeistari í Frisbígolfi 2015.

Flokkur B spilar ekki undanúrslit heldur klárar keppni um hádegi á sunnudag. Veitt eru verðlaun fyrir 3 efstu sætin í B flokk.

Keppnisgjald í A- og B-flokk er 3.000 kr. fyrir félagi ÍFS, 5.000 kr. fyrir aðra. Innifalið er pizza og drykkur í hádegi á laugardegi og sunnudegi.

C- flokkur

Þessi flokkur eru ætlaður þeim sem eru að keppa á sínu fyrsta Íslandsmóti og eru stíga fyrstu skref í keppni þetta sumar og telja sig ekki eiga erindi í A eða B flokk. Veitt eru verðlaun fyrir 3 efstu sætin í C-flokk.

Í byrjendaflokki verður fyrirkomulagið þannig að allir spila einn hring og efstu menn spila síðan til úrslita seinni hring, hinir hafa lokið keppni.

Þetta niðurskurðarfyrirkomulag gerir ráð fyrir því að helmingur af byrjendaflokknum komist áfram og spili seinni hringinn.

Aukaverðlaun (folfdiskar) verða veitt í byrjendaflokknum en dregið verður úr öllum skráðum þátttakendum í byrjendaflokki.

Keppnisgjald í C-flokk er 1.500 kr. fyrir félagi ÍFS, 2.500 kr. fyrir aðra.

Kvennaflokkur

Þessi flokkur er ætlaður öllum konum og sigurvegari fær titilinn Íslandsmeistari kvenna 2015. Veitt eru verðlaun fyrir efstu þrjú sætin.

Keppnisgjald í kvennaflokk er 2.000 kr. fyrir félagi ÍFS, 3.000 kr. fyrir aðra. Innifalið er pizza og drykkur í hádegi á sunnudegi.

Barnaflokkur

Þessi flokkur er fyrir 14 ára og yngri, stelpur og stráka. Sigurvegari fær titilinn Íslandsmeistari barna 2015. Veitt eru verðlaun fyrir efstu þrjú sætin.

Keppnisgjald í barnaflokki er ekkert.

Texas scramble – tveggja manna lið

Báðir aðilar kasta og geta valið betra kast. Keppnisgjald er 1.500 kr. á lið.

Skráning

Skráning í alla flokka er á folf@folf.is fyrir kl. 18, miðvikudaginn 2. september.